

Staðreyndir og tölur

Byggðaaætlun 2018–2024



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

Markmið

Jafna aðgengi
að þjónustu

Jafna tækifæri
til atvinnu

Stuðla að
sjálfbærri
þróun byggða

54 aðgerðir


Stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024
samanstendur af 54 aðgerðum.

Dæmi um aðgerðir:

- Styrkir til ljósleiðaravæðingar
- Gagnvirkt þjónustukort og skilgreining á þjónustu
- Brothætt byggðarlög styrkt
- Störf án staðsetningar
- Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu
- List fyrir alla
- Nærþjónusta við innflytjendur
- Þverfagleg landshlutateymi

Brothættar byggðir

Markmið með verkefninu er að sporna
við fólksfækkun í smærri byggðakjörnum.



- Lokið þátttöku
- Virkt samstarf við Byggðastofnun

Áætlun til sjö ára

2018

2024

Tímabil
2018–2024

Þjónustukort

Það er stefna stjórnvalda að gefa út og viðhalda
þjónustukorti sem sýnir almenna þjónustu hins opinbera
og einkaaðila um land allt með myndrænum hætti á vef.
Markmiðið er að bæta aðgengi að upplýsingum og auka
tækifæri til nýsköpunar á sviði byggðamála.

www.þjónustukort.is

Verslun í strjálbýli

Markmiðið verkefnisins er að styðja verslun í skilgreindu strjálbýli
fjarri stórum þjónustukjörnum. Framlög nýtast til að bæta rekstur
verslana og skjóta frekari stoðum undir hann, t.d. með samspili við
aðra þjónustu, breyttri uppsetningu í verslunum og bættri aðkomu.
Tíu verslanir í jafnmörgum byggðarlögum hafa verið styrktar.

55 m. kr.

Framlög til verslunar í strjálbýli 2018-2021

Störf án staðsetningar

Það er stefna stjórnvalda að fjölga störfum án staðsetningar,
þ.e. störfum sem eru ekki bundin við tiltekna starfstöð
ráðuneytis/stofnunar. Störf sem hægt er að vinna
hvar sem er á landinu, ef starfsaðstaða er fyrir hendi.

2024

Markmiðið er að **10%** auglýstra starfa
í ráðuneytum og stofnunum verði án
staðsetningar, þannig að búseta hafi
ekki áhrif við val á starfsfólki.

Sóknaráætlanir landshluta

Ríkið og átta landshlutasamtök sveitarfélaga hafa gert
samninga um sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta fyrir
tímabilið 2020-2024. Sóknaráætlanirnar fela í sér stöðu-
mat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir og voru þær
unnar í víðtæku samráði heimamanna.

3,6 ma. kr.

Framlög ríkisins til
sóknaráætlana 2015–2019

719 m. kr.

Framlög ríkisins til
sóknaráætlana 2020